

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kjósarhreppi.

Flekkudalsvegur 16a, frístundabyggð í landi Eyja I. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 staðfesti sveitarstjórn Kjósarhrepps á fundi sínum 11. apríl 2023 samþykkt skipulags- og byggingarnefndar frá 29. mars 2023 um breytingu á deiliskipulagi vegna Flekkudalsvegar 16a. Um er að ræða nýjan byggingarreit innan lóðarinnar. Einnig er sótt um að auka byggingarmagn úr 120 í 150 m² fyrir þessa tilteknu lóð. Stærð lóðar er 2.211 m² og byggingarmagn eftir breytingu yrði 150 m². Nýtingarhlutfall yrði þar með 0,07 með vísan til eftirfarandi texta í aðalskipulagi Kjósarhrepps: „Á svæðum við Meðalfellsvatn sem liggja nær vatninu en 50 m getur nýtingarhlutfall verið allt að 0,10. Heildar byggingarmagn verði þó aldrei meira en 150 m². Vinna skal deiliskipulag vegna nýrra bygginga.“

Með breytingunni er settur niður nýr byggingarreitur innan lóðarinnar Flekkudalsvegs 16a (reitur 28 á deiliskipulagi) og hámarks byggingarmagn er aukið úr 120 m² í 150 m². Byggingarreitur er 5,0 x 7,0 m að stærð. Heimilt er að reisa gestahús (matshl. 05), allt að 26,1 m² að stærð innan reitsins. Hámarkshæð byggingar innan reits er 4,5 m. Þakhalli skal vera 14 – 45°. Heimild fyrir matshlutum 02 og 03 fellur niður og verða þeir fjarlægðir af lóðinni. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar. Lóðarstærð 2.211 m² er óbreytt. Skráðar byggingar á Flekkudalsvegi 16a eru nú: Matshluti 01 sumarbústaður 84,1 m², matshluti 02 geymsla 4,0 m², matshluti 03 bátaskýli 16,1 m², matshluti 04 sumarbústaður 39,8 m². Samtals 144,0 m².

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Kjósarhreppi, 13. júlí 2023.

Pálmar Halldórsson skipulags-og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 27. júlí 2023